



Til: Stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn

um tillögu að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga á móti skuldabréfum vegna sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið meðfylgjandi umsögn endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og er sammála efnistöfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Það er skoðun fjármála- og áhættustýringarsviðs að bera eigi þessa tillögu formlega undir borgarráð Reykjavíkur sem bakábyrgðaraðila Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Umsögn endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Til: Stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn

um tillögu að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga á móti skuldabréfum vegna sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun

1. Tillaga að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga

Fyrir liggur tillaga framkvæmdastjóra og tryggingarstærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga á móti skuldabréfum sem lögð voru til sjóðsins í tengslum við sölu Reykjavíkurborgar á hlut borgarsjóðs í Landsvirkjun.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Bjarni Guðmundsson, hefur komið með tillögu um að skuldbindingar sem eru skv. skráð LsRb vegna starfsmanna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar (kt. 530278-0189) 13.123.334.857 kr. og skuldbindingar sem eru skv. skráð LsRb vegna starfsmanna velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (kt. 440472-0609) 5.865.348.573 kr., alls kr 18.988.683.430 kr., verði gerðar upp.

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

		Skuldbinding vegna geymdra réttinda	Skuldbinding vegna lífeyrisþega	Skuldbinding vegna virka sj.félaga	Samtals
Leikskólar Reykjavíkur	530280-0189	3.277.678.581	7.494.362.436	2.351.293.840	13.123.334.857
Velferðarsvið Reykjavíkur	440472-0609	1.564.940.048	4.300.408.525	0	5.865.348.573
		4.842.618.629	11.794.770.961	2.351.293.840	18.988.683.430

Með greiðslu borgarinnar upp í áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar hjá sjóðnum urðu verulegar breytingar á hreinni eign sjóðsins til bóta en áhættan hjá sjóðnum jókst hvað varðar afkomu hans. Ástæðan er sú að eiginleikar skuldabréfanna eru ekki með þeim hætti sem tíðkast í viðskiptum á almennum markaði. Skuldabréfin bera breytilega vexti og hafa því ekki þekkt greiðslufæði og þar með ekki þekkt verð þar sem vextirnir hreyfast eftir óþekktum breytum fram í tímann. Bréfin taka mið af 6 mánaða meðaltali íbúðabréfa í flokki HFF 150434. Í nóvember 2006 var vegin meðalávöxtunarkrafa þessa flokks í Kauphöll Íslands 4,16% en nú er ávöxtunarkrafan orðin tæpt 1%. Við þessar forsendur er erfitt að meta virði bréfanna og eru þau því illseljanleg nema þá með verulegum afföllum.

Andvirði framangreindra skuldabréfa hefur ekki verið ráðstafað á móti ákveðnum skuldbindingum sjóðsins en heildareignir umfram heildarskuldbindingar nam í árslok 2019 um 25.520,8 mkr. Er því orðið tímabært að gera upp skuldbindingar á móti þessari eign þannig að eignir sjóðsins við lokun hans verða sem minnstar.

Mánaðarleg framlög vegna hlutdeildar í greiddum lífeyrir vegna starfsmanna velferðarsviðs eru á bilinu 20-25 mkr á mánuði eða um 250 mkr á ári en framlögin vegna starfsmannan leikskólasviðs eru á bilinu 30-35 mkr á mánuði eða um 450 mkr á ári. Áhrif uppgjörsins á fjárhag sjóðsins er að fjárfæði frá Reykjavíkurborg lækkar um 700 m á ári og að áætlaðar framtíðareignir sjóðsins lækka sem því nemur.

Samkvæmt ársreikningi sjóðsins var virði skuldabréfanna í árslok 2019 um 23.643,3 mkr en við útreikning á tryggingafræðilega stöðu er virði bréfanna endurmetið miðað við 3,5% núvirðingu en endurmat ársins var 3.728,9 mkr þannig að virði bréfanna við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins nam 19.914,4 mkr.

2. Upprifjun á ákvæðum sammingsins um sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun

a. Skuldabréf og kjör

Í samningi ríkisins við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um kaup á hlut þeirra í Landsvirkjun dags. 1. nóvember 2006 segir í 3. gr. um greiðslu kaupverð á 44,525% hlut Reykjavíkurborgar. Auk greiðslu að fjárhæð 3.000.000.000 skuli koma til 118 skuldabréf að fjárhæð höfuðstóls 200.000.000 hvert og 1 skuldabréf að fjárhæð höfuðstóls 337.625.000, eða alls kr 23.937.625.000. Skuldabréfin eru gefin út til handa Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar til að mæta lífeyrisskuldbindingum starfsmanna Reykjavíkurborgar. Skuldabréfin voru til 28 ára, bundin vísitölu neysluverðs m.v. janúar 2007 og bera breytilega vexti jafnháa ávöxtunarkröfu íbúðabréfa í flokki HFF 150434. Við útreikning á ávöxtunarkröfu skal miða við meðalávöxtunarkröfu síðustu sex almanaksmánaða fyrir viðkomandi gjalddaga. Við útreikning meðalávöxtunarkröfu skal miða við lokaverð í viðskiptum hvers dags í kauphöll. Hvert skuldabréf ber að greiða með jöfnum 56 afborgunum á 6 mánaða fresti, 10. janúar og 10. júlí ár hvert. Í fyrsta sinn 10. júlí 2007. Afborganir skulu reiknaðar þannig að vísitöluálagi er bætt við höfuðstól og síðan deilt í með fjölda gjalddaga sem þá eru eftir að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn. Vextirnir reiknast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir reiknast frá 1. janúar 2007. Verði framangreindur flokkur íbúðabréfa felldur niður skal miða við ávöxtunarkröfu sambærilegra verðbréfa.

b. Athugasemdir LsRb 2006 við sammingsákvæðin um vaxtakjör

Framkvæmdastjóri LsRb benti í svari sínu til borgarráðs á dags. 6. nóvember 2006 á eftirfarandi veikleika og áhættur fyrir LsRb í þessu sambandi:

- Skuldabréfin eru ekki með fasta vexti og þess vegna er framtíðar greiðsluferli þeirra ekki þekkt. Þess vegna verða skuldabréfin illseljanleg. Möguleikar LsRb til að stýra greiðsluflæði og stýra áhættu eignasafnins eða ná fram betri ávöxtun með því að selja bréfin eru nánast engir. Þetta torveldar stjórn LsRb að rækja hlutverk sitt að móta fjárfestingarstefnu með það að markmiði að ávaxta eignir sjóðsins með sem bestri ávöxtun á hverjum tíma.
- Skuldabréf borgarinnar verða ekki skráð í kauphöll og þau eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs en ekki vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem dregur enn frekar úr seljaleika skuldabréfanna.
- Á kaupdegi má halda því fram að verð og virði skuldabréfanna sé hið sama en vegin meðalávöxtunarkrafa HFF 150434 var þá 4,16%. Framkvæmdastjórinn bendir á að líklegra en ekki sé að ávöxtunarkrafan muni lækka á markaði þegar til lengri tíma er litið og þar með verð skuldabréfanna. Þannig töldu greiningaraðilar líklegast að vextir færu í 3% eftir 5 ár sem myndi lækka verðmæti skuldabréfanna um 2 milljarða m.v. ef þeir hefðu verið fastir í 4,16%.
- Þar sem skuldabréfin bera ekki fasta vexti heldur breytilega vexti ber að lækka virði þeirra í tryggingafræðilegu mati um 1,5% áður en þau eru núvirt. Þarna er um að ræða varfærnisreglu vegna óvissunar um verðmæti bréfanna. Ef verðmæti bréfanna í upphafi var kr 23.937.625.000 m.v. 4,16% vexti þá felur varúðarreglan í sér lækkun 3,5 milljarða í 20,4 milljarða.

Einu viðbrögðin við ábendingum framkvæmdastjóra LsRb voru þau að ráðherra breytti reglugerð til að tryggja lögmæti fyrirkomulagsins á þessum samningi sem augljóslega var í alla staði ívilnandi fyrir ríkið og til þess fallinn að rýra verulega virði skuldabréfanna sem var eingöngu til skaða fyrir borgarsjóð sem ber bakábyrgð á skuldbindingum LsRb.

Í svari borgarstjóra í borgarráði þegar málið kom til umfjöllunar dags. 10. nóvember 2006 komu engin viðbrögð við ofangreindu svari framkvæmdastjóra LsRb til borgarráðs.

c. Einhliða ákvörðun fjármálaráðherra að afnema viðskiptavakt með HFF 150434

Vakin er athygli á að frá og með 1. janúar 2020 var fyrirsvar ríkisins varðandi íbúðabréfin færð til Lánamála sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Frá og með þeim degi var viðskiptavakt á HFF 150434 felld niður. Með þessum gerningi má segja að afnumin hafi verið samningsbundin tenging skuldabréfanna við verðmyndun á markaði vegna skuldabréfanna sem fengust við sölu Reykjavíkurborgar á hlut í Landsvirkjun. Þannig eru skuldabréfin ekki aðeins illseljanleg af þeim ástæðum sem raktar eru hér að ofan heldur hafa upphafleg tengsl við verðmyndun á markaði verið rofin með ofangreindum hætti. Um áramótin var ávöxtunarkrafan 1,147% en er komin nálægt núlli í ágúst mánuði 2020 þar sem viðskiptin eru að mestu leyti hætt með umrædd bréf. Sú staða kallar án vafa á viðbrögð af hálfu Reykjavíkurborgar sem samningsaðila og LsRb.

3. Niðurstaða

Megintilgangur þessarar tillögu er að draga úr endurgreiðslu borgarsjóðs til LsRb þar sem áframhaldandi óbreytt fyrirkomulag mun leiða til eignasöfnunar hjá LsRb umfram skuldbindingar. Það er langt umfram eðlilegar kröfur og á sér enga stoð í lögum eða samþykktum LsRb.

Það vekur athygli að hér er lagt til að tilgreindar skuldbindingar að fjárhæð 18.988,7 mkr en virði bréfanna um síðastliðin áramót við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins nam 19.914,4 mkr. Þetta er talið eðlilegt í ljósi þeirrar miklu óvissu sem er um virði skuldabréfanna og hér hefur verið útskýrð.

Ákvörðun um þetta uppgjör hefur engin áhrif á bakábyrgð Reykjavíkurborgar á lífeyrisskuldbindingum LsRb, hvorki til hækkunar né lækkunar.

Að öllu virtu mælir endurskoðunarnefnd LsRb með að tillaga tryggingafræðings og framkvæmdastjóra sjóðsins verði samþykkt.

Birgir Björn Sigurjónsson

Gísli Hlíðberg Guðmundsson

Ása Clausen